Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 20. júlí 2017 - R17070001

Málsnr.	***Erindi:***	***Afgreiðsla:***
	Fundargerðir:	
R17010020	Fundargerð 851. fundar stjórnar stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17010024	Fundargerð 76. fundar svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 23. júní 2017	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R17060170	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina varðandi viðgerðir á húsi OR á Bæjarhálsi, dags. 22.6.'17.	Sent Orkuveitu Reykjavíkur til umsagnar.
R17060170	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina varðandi sölu á húsi OR á Bæjarhálsi, dags. 22.6.'17.	Sent Orkuveitu Reykjavíkur til umsagnar.
R16030025	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 6. júlí 2017 um að fela borgarstjóra að sjá til þess að athafnasvæði Vískings stækki.	Sent íþrótta- og tómstundasviði til umsagnar.
R17070034	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu tveggja tillagna um íþróttafélagið Fylkir	Sent umhverfis- og skipulagssviði og íþrótta- og tómstundasviði til umsagnar.
R17070033	Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um að ekki verði lagt byggingarréttargjald fyrir íbúðir byggðar án hagnarsjónarmið.	Sent matsnefndar um veitingu stofnframlaga til umsagnar.
R17030210	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu á tillögu um innleiðingu umferðamódels	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R15050131	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingar á leigufjárhæð á leigufjárhæð í Seljahlíð.	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R17070032	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fela innri endurskoðun að rannsaka aðdraganda að lokun brautar 06/24	Send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til meðferðar
R16090008	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um stöðu á tillögu um áskorun til fjármálaráðherra um skattlagningu ofurbónusa	Óskað eftir stöðu málsins frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.
R17010051	Beiðni um að Strætó hefji á ný útgáfu leiðarbóka.	Sent Strætó bs. til meðferðar.
R15070030	Erindi Kristjáns S. Guðmundssonar, dags. 14. júlí 2017, þar sem nýju deiliskipulagi og fyrirhuguðum breytingum á lóðarleigusamningi fyrir Árskóga 2-10 er mótmælt.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar.
R11060102	Umsögn skipulagsnefndar Garðabæjar, dags. 11.7.2017, um verkefnislýsingu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna Kópavogsgangna.	Sent borgarfulltrúum og umhverfis- og skipulagssviði til kynningar.
R11060102	Umsögn skipulagsnefndar Garðabæjar, dags. 11.7.2017, um verkefnislýsingu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur vegna Stekkjarbakka	Sent borgarfulltrúum og umhverfis- og skipulagssviði til kynningar.
R14120075	Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 11.7.2017, um eftirfylgni með úttekt á	Sent skóla- og frístundasviði til meðferðar.

	Leikskólanum Reynisholt.	
R15030176	Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 11.7.2017, um eftirfylgni með úttekt á Leikskólanum Garðaborg.	Sent skóla- og frístundasviði til meðferðar.
R15010103	Umsögn skipulagsfulltrúa um Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030, dags. 3. júlí 2017.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17070079	Erindi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 17. júlí 2017, um breytingu á leigusamningi að Grandagarði 2	Sent borgarlögmanna til umsagnar.
R17010233	Afbrotatölfræði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, júní 2017.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17060018	Erindi Neskirkju, dags. 13. júlí 2017, um mögulegt húsnæði fyrir Melaskóla í safnaðarheimili kirkjunnar	Sent umhverfis- og skipulagssviði og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar.

Fundargerð 851. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2017, föstudaginn 30. júní kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Áslaug María Friðriksdóttir í fjarveru Halldórs Halldórssonar, Dýrunn Pála Skaftadóttir í fjarveru Eiríks Björns Björgvinssonar, Heiða Björg Hilmisdóttir, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Haraldur Sverrisson í fjarveru Gunnars Einarssonar, Sigurður Björn Blöndal, Páll Marvin Jónsson í símasambandi í fjarveru Aldísar Hafsteinsdóttur, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerð 850. fundar - 1610002SA**

   Lögð fram til staðfestingar fundargerð 850. fundar frá 19. maí 2017.

   Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. **Fundargerð Þjóðhagsráðs - 1601060SA**

   Lögð fram fundargerð 2. fundar Þjóðhagsráðs frá 6. apríl 2017.

Heiða Björg Hilmisdóttir kom inn á fundinn kl. 12:20.

3. **Fundir Jónsmessunefndar - 1701050SA**

   Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 8. júní 2017.

4. **Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1511036SA**

   Lögð fram fundargerð 27. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 29. maí 2017.

   Stjórn sambandsins tekur undir bókun skipulagsmálanefndar um mikilvægi nýrrar lagasetningar um almenningssamgöngur sem landshlutasamtök sveitarfélaga annast á grundvelli samninga við Vegagerðina. Stjórnin tekur jafnframt undir þá niðurstöðu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis að sett verði sérstök lög um almenningssamgöngur.

5. **Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA**

   Lögð fram fundargerð 107. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 1. júní 2017. Einnig lögð fram vegna 1. liðar fundargerðarinnar, greinargerð frá sameiginlegum fundi Menntavísinda Háskóla Íslands, Kennaradeild Háskóla Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga 2. febrúar 2017.

6. Minnisblað um tilnefningu aðalmanns í verkefnisstjórn um hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1511249SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra og sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 18. maí 2017, um tilnefningu aðalmanns í verkefnisstjórn um hagsmunagæslu í úrgangsmálum.

Fyrirliggjandi tillaga um að Ína B. Ársælsdóttir, umhverfisstjóri hjá Húnaþingi vestra, taki sæti í verkefnisstjórninni samþykkt samhljóða.

7. Framtíðarhlutverk Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs vegna fasteigna í þágu fatlaðs fólks - 1511238SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 27. júní 2017, um framtíðarhlutverk Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna fasteigna í þágu fatlaðs fólks. Einnig var lögð fram yfirlýsing um framlög úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna fasteigna í þágu fatlaðs fólks, sem gert er ráð fyrir að sambandið ásamt ráðherra sveitarstjórnarmála og félags- og jafnréttismálaráðherra undirriti innan skamms, m.a. um nauðsynlega lagabreytingu til að tryggja þetta hlutverk sjóðsins.

Stjórn sambandsins samþykkir yfirlýsinguna fyrir sitt leyti.

8. Yfirlýsing safnstjóra og tillaga að framlagssamningi Sambands íslenskra myndlistarmanna - 1601067SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 28. júní 2017, um framlag myndlistarmanna til sýningahalds í opinberum listasöfnum, ásamt fylgiskjali. Einnig lögð fram skjöl sem afhent voru á fundi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sambands íslenskra myndlistarmanna 28. júní 2017.

Stjórn sambandsins er sammála þeim niðurstöðum sem fram koma í minnisblaðinu.

9. Aðgerðir gegn skattsvikum - 1706028SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins og sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 26. júní 2017, um skýrslur og tillögur um aðgerðir gegn skattsvikum.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að bætt skattskil er mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélögin á Íslandi. Mikilvægt er að auka samstarf milli ríkis og sveitarfélaga um skatteftirlit og aðgerðir til að draga úr skattundanskoti og minnir stjórnin á sameiginlegt verkefni fjármála- og efnahagsráðuneytis, ráðuneytis sveitarstjórnarmála og sambandsins í samkomulagi aðila frá 6. apríl 2017, á grundvelli laga um opinber fjármál, um að vinna sameiginlega að bættum skattskilum til að styrkja tekjugrunn sveitarfélaga.
Stjórnin fagnar frumkvæði Samtaka atvinnulífsins og ASÍ um aðgerðir til að sporna við kennitöluflakki og telur mikilvægt að tillögurnar fái ítarlega skoðun af hálfu stjórnvalda og löggjafans.

10. Náttúrustofur - staðan og framtíðarsýn - 1706003SA

Lagt fram minnisblað forstöðumanna náttúrustofa, dags. í maí 2017, um stöðu og framtíðarsýn náttúrustofa.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að taka upp viðræður við ráðuneyti sveitarstjórnarmála og umhverfis- og auðlindaráðuneytið um stöðu og framtíð náttúrustofa.

11. Innleiðing velferðartækni - staða mála - 1602012SA

Lagt fram til kynningar minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 23. júní 2017, um innleiðingu velferðartækni.

Stjórnin telur mikilvægt að sambandið fylgist vel með þróun á sviði velferðartækni, innleiðingu ýmissa þátta hennar á komandi árum og taki þátt í mótun hennar eins og við getur átt.

12. Persónuvernd 2018 - ný löggjöf - 1610014SA

Lögð fram til kynningar og umræðu drög að leiðbeiningum persónuverndarreglna.

13. Tilnefning í faghóp um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum - 1705026SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 17. maí 2017, þar sem Lúðvík E. Gústafsson, verkefnisstjóri um úrgangsmál á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefndur sem aðalmaður í samráðsvettvang um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, og Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands hf., til vara.

Leiðbeiningarnar verða sendar til sveitarfélaga að loknum lokayfirlestri.

14. Tilnefning í fornminjanefnd - 1701037SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 30. maí 2017, þar sem Magnús Karel Hannesson frá Eyrarbakka, er tilnefndur sem aðalmaður í fornminjanefnd, og Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, til vara.

15. Tilnefning í samráðshóp vegna verkefnisins VISKA - 1705033SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf., dags. 30. maí 2017, þar sem Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefndur í samráðshóp vegna verkefnisins VISKA.

16. Tilnefning í bókasafnaráð - 1705050SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 31. maí 2017, þar sem Sigrún Blöndal, bæjarfulltrúi í Fljótsdalshéraði, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmaður í bókasafnaráð, og Njörður Sigurðsson, sagnfræðingur og bæjarfulltrúi í Hveragerði, til vara.

17. Tilnefning í samráðshóp verkefnisins Matarauður Íslands - 1706002SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 21. júní 2017, þar sem Benedikt Benediktsson, sveitarstjórnarmaður í Rangárþingi eystra, og Margrét Björk Björnsdóttir, ferðaþjónustubóndi og atvinnuráðgjafi hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, eru tilnefnd í samráðshóp verkefnisins Matarauður Íslands.

18. Umsögn um reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald - 1611020SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 22. maí 2017, um áform um breytingu á reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016.

19. Umsögn um breytingu á lögum um málefni aldraðra - akstursþjónusta - 1704011SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 26. maí 2017, um breytingu á lögum um málefni aldraðra (akstursþjónusta), 223. mál.

20. Umsögn um drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna - 1705009SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 16. júní 2017, um drög reglugerðar um rekstur héraðsskjalasafna.

21. Umsögn um frumvarp til laga um landgræðslu - 1705023SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 22. júní 2017, um frumvarp til laga um landgræðslu, 406. mál.

22. Umsögn um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða - 1705024SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 27. júní 2017, um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 408. mál.

23. Umsögn um drög að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk 2017 - 1705008SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 30. maí 2017, um framlög Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2017.

24. Umsögn um fjármögnun NPA-verkefnisins - 1511040SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félags- og jafnréttismálaráðherra, dags. 8. júní 2017, um fjármögnun NPA-verkefnisins á árinu 2017.

25. Nordisk demokratinetværk - 1511163SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 27. júní 2017, um fund í tengiliðahópi norrænu sveitarfélagasambandanna um lýðræði og stjórnun 9.-10. maí í Helsinki Finnlandi.

26. EFTA Sveitarstjórnarvettvangur - 1602003SA

Lagt var fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins og forstöðumanns Brusselskrifstofu, dags. 28. júní 2017, um 15. fund EES EFTA sveitarstjórnarvettvangsins í Skien, Noregi, 15.-16. júní 2017.

27. Framkvæmdastjóra- og Policynefndar fundir hjá CEMR - 1608015SA

Lagt var fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins og forstöðumanns Brusselskrifstofu, dags. 28. júní 2017, um fund stefnumótunarnefndar Evrópusamtaka sveitarfélaga 12.-13. júní á Chios, Grikklandi.

28. Viðbótarbókun við Evrópusáttmála - 1602019SA

Lagt fram til kynningar bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 8. júní 2017, þar sem fram kemur að viðbótarbókun við Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga, um rétt til þátttöku í málefnum sveitarstjórnar, hafi verið fullgild af Íslands hálfu.

Fundi var slitið kl. 14:10

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Áslaug María Friðriksdóttir

Dýrunn Pála Skaftadóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Haraldur Sverrisson

Sigurður Björn Blöndal

Páll Marvin Jónsson

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari

Fundargerð

77. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 23. júní 2017 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:
Reykjavík:
Hjálmar Sveinsson og Halldór Halldórsson
Kópavogsbær:
Ása Richardsdóttir
Hafnarfjarðarbær:
Borghildur Sturludóttir
Garðabær:
Sigurður Guðmundsson
Mosfellsbær:
Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson
Seltjarnarnesbær:
Stefán Bergmann
Kjósarhreppur:
G. Oddur Víðison

Hreiðar Oddson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Steinþór Einarsson og Eva Lín Vilhjálmsdóttir boðuðu forföll. Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. **Innkomnar ábendingar við vinnslutillögur breytingu á svæðis- og aðalskipulögum vegna Borgarlínu / *málsnr. 1702003 / 1703004***
   Vinnslutillögur breytinga á svæðis- og aðalskipulagi sveitarfélaga voru auglýstar þann 30. maí og lauk formlegum umsagnartíma þann 20. júní. Haldinn var einn sameiginlegur kynningarfundur í Salnum Kópavogi. Einnig héldu tvö sveitarfélög, Hafnarfjarðarkaupstaður og Mosfellsbær, opna kynningarfundi.
   Ríflega 30 ábendingar hafa þegar borist, nokkrir aðilar hafa óskað eftir lengri fresti til að skila inn ábendingum. Gott er að fá ábendingar tímanlega í ferlið þannig að hægt sé að vega þær og meta áður en tillögur að skipulagsbreytingum eru mótaðar endanlega.

   Umræður

   Niðurstaða:
   Svæðisskipulagsstjóra og fagráði er falið að tryggja að innkomnar ábendingar verði skoðaðar m.t.t. mótun skipulagstillagna. Mikilvægt er að bæta vel í kynningarmálin og tryggja að réttar upplýsingar um verkefnið verði öllum aðgengilegar.

Svæðisskipulagsnefnd hvetur skipulagsdeildir sveitarfélaga til að taka aukið frumkvæði í að útfæra skipulagstillögurnar. Mikilvægt er að sveitarfélögin útfæri ákvæði um gott yfirbragð byggðar sem er í takt við sérkenni hvers sveitarfélags fram í tillögum að aðalskipulagsbreytingum.

2. **Verkefnislýsing vegna breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040: Breytt afmörkun vaxtamarka atvinnusvæðis á Hólmsheiði / *málsnr. 1606002***
Svæðisskipulagsnefnd tók jákvætt í beiðni Mosfellsbæjar um að hafin yrði vinna við breytingar á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 með það að markmiði að unnt væri að stækka athafnasvæðið við Hólmsheiði til austurs. Verkfræðistofan VSÓ hefur unnið verkefnislýsingu í samvinnu við skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar og svæðisskipulagsstjóra.

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar kynnti verkefnislýsingu.

Umræður.

Niðurstaða:
Svæðisskipulagsnefnd telur nauðsynlegt að í skipulagsvinnunni verði möguleg neikvæð áhrif á neysluvatn metin sérstaklega áður en endanlegar ákvarðanir um færslu vaxtarmarka verða teknar. Í verkefnislýsingunni kemur fram að vinna eigi sérstakt áhættumat sem haft verði til hliðsjónar við mótun tillögunnar. Svæðisskipulagsnefnd samþykkir verkefnislýsinguna með þeim breytingum að mörk athuganarsvæðis verði minnkuð og skerpt verði á orðalagi um græna atvinnustarfsemi. Nefndin leggur til við aðildarsveitarfélögin að afgreiða hana til kynningar og umsagnar, sbr. 1. mgr.23. gr. skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana.

3. **Auglýst tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Garðabæjar 2016 - 2030 / *málsnr. 1610005***
Lögð er fram auglýst tillaga að aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030 til umsagnar.

Umræður.

Ása Richardsdóttir fulltrúi Kópavogs situr hjá við afgreiðslu málsins.

Niðurstaða:
Svæðisskipulagsnefnd telur gott samræmi vera milli tillögu að aðalskipulagi Garðabæjar og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

4. **Aðalskipulag Reykjavíkur: Stekkjarbakki. Verkefnislýsing vegna skipulagsbreytinga / *málsnr. 1706004***
Lögð er fram lýsing aðalskipulagsbreytingar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga til umsagnar.

Fyrirhuguð breyting tekur til stofnbrautarkerfisins eins og það er sýnt á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagi Reykjavíkur en þar er gert ráð fyrir því að gatan Stekkjarbakki færist til norðurs. Breytingartillaga getur einnig tekið til legu stíga, eins og þeir eru settir fram á gildandi skipulagsuppdrætti. Í skipulagsvinnunni á að bera

saman tvo kosti, að hliðra Stekkjarbakka til norðurs og fjölga akreinum í fjórar líkt og núgildandi aðalskipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir eða halda óbreyttri legu götunnar.

Í verkefnislýsingunni er vísað til umferðarspáa sem gerðar voru við vinnu aðalskipulags Reykjavíkur og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Í því samhengi er rétt að minna á að gerðar verða nýjar umferðarspár fyrir höfuðborgarsvæðið nú í sumar í tengslum við mat á áhrifum Borgarlínunnar.

Niðurstaða
Svæðisskipulagsnefnd leggur til við Reykjavíkurborg að við mat á valkostum í skipulagsvinnunni verði horft til nýrrar umferðarspár sem VSÓ mun gera fyrir höfuðborgarsvæðið nú í sumar. Að öðru leyti gerir nefndin engar athugasemdir við skipulagslýsinguna.

5. **Aðalskipulag Reykjavíkur: Kópavogsgögn. Verkefnislýsing vegna skipulagsbreytinga *l málsnr. 1706003***
Lögð er fram lýsing aðalskipulagsbreytingar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga til umsagnar.

Fyrirhuguð breyting er til að samræma aðalskipulag Reykjavíkur við breytingar sem unnið er að á aðalskipulagi Kópavogs. Ástæða breytingar er að ekki er lengur talin þörf á Kópavogsgöngum í samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar, sbr. þær athuganir sem unnar voru í tengslum við gildandi svæðisskipulag.

Niðurstaða:
Svæðisskipulagsnefnd leggur til við Reykjavíkurborg að við mat á áhrifum breytinganna verði horft til nýrrar umferðarspár sem VSÓ mun gera fyrir höfuðborgarsvæðið nú í sumar. Að öðru leyti gerir nefndin engar athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verður föstudaginn 18. ágúst kl. 11:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.

BORGARRÁÐ 22.6.'17: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina varðandi viðgerðir á húsi Orkuveitu Reykjavíkur á Bæjarhálsi - R17060170

Fyrir rúmu ári hófust viðgerðir á Orkuveituhúsinu á Bæjarhálsi en ekki var vitað um umfang skemmdanna á þeim tíma, en húsið var tekið í notkun árið 2003. Framsókn og flugvallarvinir óska eftir sundurliðuðum upplýsingum um hversu miklum fjárhæðum hefur verið ráðstafað til viðgerða á húsinu Einnig er óskað eftir að borgarráði verði afhend úttektarskýrsla á ástandi hússins og stöðuskjal um framkvæmdir, að upplýst verði hvernig kostnaði er skipt á milli núverandi eiganda hússins og leigutakans, hvort að leitað hafi verið lögfræðiálits um mögulega ábyrgð hönnuðar hússins, byggingarverktaka eða annars utanaðkomandi og hver hafi þá verið niðurstaða þess álits.

BORGARRÁÐ 22.6.'17: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina varðandi sölu á húsi Orkuveitu Reykjavíkur á Bæjarhálsi - R17060170

Framsókn og flugvallarvinir óska eftir að fá afhent afrit af sölusamningnum þegar hús Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi var selt, sem og núgildandi leigusamning á milli aðila.

BORGARRÁÐ 6. júlí 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fela borgarstjóraað sjá til þess að athafnasvæði víkings stækki - R16030025

Borgarráð felur borgarstjóra að sjá til þess að Reykjavíkurborg standi við fyrirheit sitt um stækkun athafnasvæðis Knattspyrnufélagsins Víkings í samræmi við samþykkt borgarráðs hinn 10. júlí 2008. Leigusamningur við lóðarhafa að Stjörnugróf 18 rann út í árslok 2016 og er borgarstjóra jafnframt falið að kanna möguleika á nýrri staðsetningu gróðrarstöðvar, sem nú er á lóðinni, í samráði við eigendur hennar. Knattspyrnufélagið Víkingur er hverfisíþróttafélag, sem gegnir mikilvægu hlutverki í þágu íþrótta- og æskulýðsmála í Smáíbúða-, Bústaða- og Fossvogshverfum. Tillaga þessi er efnislega samhljóða tillögu Sjálfstæðisflokksins, sem flutt var í borgarstjórn 1. marz 2016, en að tillögu borgarstjóra var henni vísað til meðferðar borgarráðs. Þrátt fyrir að sextán mánuðir séu nú liðnir frá umræddum borgarstjórnarfundi hefur tillagan enn ekki hlotið neina meðferð í borgarráði. Nú eru níu ár liðin frá því að áðurnefnt fyrirheit var samþykkt samhljóða í borgarráði.

BORGARRÁÐ 6. júlí 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu tveggja tillagna er varða aðstöðu íþróttafélagsins Fylkis - R17070034

Á fundi borgarráðs 26. marz 2015 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að tekið yrði jákvætt í ósk Íþróttafélagsins Fylkis um lagningu gervigrass á keppnisvöll Fylkis gegn því að félagið gæfi eftir notkun á 1,4 hektara æfingasvæði milli Hraunbæjar og Bæjarháls sem hentar vel til þéttingar byggðar. Borgarráð samþykkti tillögu Sjálfstæðisflokksins með þeirri breytingu að erindi Fylkis yrði jafnframt vísað til gerðar hverfisskipulags. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka nú tillöguna og óska eftir upplýsingum um framvindu málsins. Nú er eru rúm tvö ár liðin frá því að umrædd tillaga var samþykkt og ætti því að vera búið að ganga frá samkomulagi við Fylki um vallarlagningu og uppbyggingu í tengslum við hana á grundvelli tillögunnar. Minnt er á tillögur Sjálfstæðisflokksins um að Reykjavíkurborg styrki framkvæmdir vegna áhorfendaaðstöðu Fylkis með sambærilegum hætti og gert hefur verið vegna slíkra framkvæmda hjá öðrum hverfisíþróttafélögum í borginni og er jafnframt óskað eftir upplýsingum um framvindu þess máls.

BORGARRÁÐ 6. júlí 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um ekkert byggingarréttagjald á lóðum til félaga án hagnaðarsjóðarmiða - R17070033

Framsókn og flugvallarvinir gera tillögu um að ekki verði lagt á byggingarréttargjald fyrir lóðir fyrir námsmannaíbúðir, félagslegar íbúðir og til félaga sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða til að byggja leigu- og eða búseturéttaríbúðir fyrir fólk sem er undir eigna- og tekjumörkum.

Greinargerð

Samkvæmt lögunum getur stofnframlag sveitarfélaga falist í beinu framlagi, úthlutun lóðar eða lækkun eða niðurfellingu á gjöldum sem umsækjanda ber að standa skil á til sveitarfélagsins vegna íbúðanna. Að mati Framsóknar og flugvallarvina ætti ekki að auka lóðakostnað frá því sem hann var fyrir gildistöku laganna eins og gert er í tilviki lóða fyrir stúdentaíbúðir með því að leggja auk gatnagerðargjalds byggingarréttargjald sem stofnframlag.
Í dag innheimtir borgin byggingarréttargjald og gatnagerðargjald af lóðum sem úthlutað er til þessara aðila. Byggingarréttargjald er stofnframlagið en félögin eiga að greiða gatnagerðargjald. Fyrir gildistöku laganna innheimti Reykjavíkurborg ekki byggingarréttargjald af stúdentaíbúðum, en hefur eftir gildistöku laganna lagt það á og síðan nýtt það sem stofnframlag, þannig að í raun hefur lagasetningin engu breytt fyrir þessa aðila. Rétt er að framlag borgarinnar sé ekki bara byggingarréttargjaldið, sem hvort eð er var ekki lagt á fyrir gildistöku laganna. Mikilvægt er með öllum tiltækum ráðum að lækka byggingarkostnað þessara íbúða og er ábyrgð núverandi meirihluta að sýna í verki vilja til að koma til móts við þennan hóp með því að samþykkja tillöguna.

BORGARRÁÐ 6. júlí 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu tillögu um innleiðingu fullkomins umferðarmódels fyrir höfuðborgarsvæðið - R17030210

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins minna á samþykkt borgarstjórnar frá 21. mars sl. þar sem samþykkt var að vísa til umhverfis- og skipulagsráðs því að hefja innleiðingu á fullkomnu umferðarmódeli fyrir höfuðborgarsvæðið og óska eftir að upplýsingar um stöðu málsins verði lagðar fram í borgarráði. Ekki hefur borið á þessu máli síðan það var samþykkt í borgarstjórn en mikilvægi þess að fullkomið umferðarmódel verði innleitt nú þegar hefur sjaldan eða aldrei verið meira vegna þess að í vinnslu eru hugmyndir um borgarlínu og umferð hefur verið að þyngjast jafnt og þétt á höfuðborgarsvæðinu. Ekki hefur borið á sérstökum áhuga meirihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur að nálgast umferðarmálin í heild sinni með því að innleiða fullkomið umferðarmódel sem mæli alla samgöngumáta.

BORGARRÁÐ 6. júlí 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingar á leigufjárhæð í Seljahlíð - R15050131

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins kalla eftir upplýsingum um hvaða breytingar verða á leigufjárhæð félagslegra þjónustuíbúða í Seljahlíð eftir að Félagsbústaðir fara að innheimta leigu þar. Íbúar í Seljahlíð búa við mikla óvissu varðandi þróun leigufjárhæðar, þjónustugjalda og hússjóðs. Í upplýsingunum verði gerð grein fyrir því hvernig húsnæðisbætur koma til lækkunar á leigu og hvort það gagnist öllum íbúum í félagslegum þjónustuíbúðum í Seljahlíð.

BORGARRÁÐ 6. júlí 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fela innri endurskoðun að rannsaka aðdraganda að lokun brautar 06/24 - R17070032

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að borgarráð feli innri endurskoðun Reykjavíkurborgar að rannsaka aðdraganda að lokun brautar 06/24 á Reykjavíkurflugvelli af hálfu stjórnsýslu Reykjavíkurborgar með sambærilegum hætti og unnið verður af hálfu Ríkisendurskoðunar fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Unnin verði sambærileg tímalína af hálfu borgarinnar og unnin var fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis og athafnir Reykjavíkurborgar, ákvarðanir og stefnumörkun og rannsakað hvort allt slíkt sé ekki samkvæmt reglum, heimildum og lögum. Rannsakað verði hvort borgin hafi virt fyrirvara sem tengist samþykkt Aðalskipulags Reykjavíkurborgar 2010-2030 um uppbyggingu í Vatnsmýri þar sem tímasetning hennar er jafnframt háð frekara samkomulagi við samgönguyfirvöld ríkisins um flutning flugstarfsemi af svæðinu.

BORGARRÁÐ 6.7.'17: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um vinnslu tillögu varðandi skattlagningu ofurbónusa - R16090008

Þann 1. september 2016 lögðu Framsókn og flugvallarvinir fram tillögu í borgarráði um á áskorun yrði send á fjármálaráðherra að skattleggja ofurbónusa sem þrotabú greiði. Tillagan var sett fram vegna frétta um ofurbónusa til starfsmanna föllnu bankanna, en reglur fjármálaeftirlitsins um bónusgreiðslur til starfsmanna fjármálafyrirtækja eiga ekki við um þrotabú og ljóst er að greiðslur sem þessar séu til þess fallnar að auka enn á ójöfnuð í jafnlitlu samfélagi og íslandi. Ekki er um að ræða að starfsmenn þeir sem þiggja ofurbónusa séu hluthafar þrotabúsins eða bari á nokkurn hátt hallann af rekstri þess. Tillagan var lögð fram að nýju á fundi borgarráðs 3. nóvember 2016 og þá samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem er í viðræðum við ríkið um tekjuskiptingu hins opinbera. Nú berast aftur fréttir um ofurbónusa frá þrotabúi föllnu bankanna. Óskað er eftir því að lagt verði fyrir borgarráð minnisblað frá Sambandinu þar sem farið er yfir hvernig málsmeðferð þessarar tillögu hefur verið hjá Sambandinu.

7. júlí 2017

Málsnr.: R17010051
Skjalasafn Ráðhúss
12. júlí 2017
Bréfalykill: 5891

Helga Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Ég undirrituð hef búið í Reykjavík alla ævi og farið allra minna ferða á höfuðborgarsvæðinu á strætó, sl. 60 ár, enda keyri ég ekki bíl. Ég hef ekkert þurft að kvarta yfir þessari þjónustu fyrr en nú. Það er orðið erfitt að nýta sér hana eftir að hætt var að gefa út leiðabækur og höfuðborgarsvæðið orðið víðfeðmt. Þeir sem ekki eru með net í símanum (ég er ekki ein um það) þurfa því að kaupa sér sérstaka síma, bara til að geta nýtt sér þjónustu Strætó áfram. Erfitt getur verið að hafa með sér heimilisfólkinu í öllum útréttingum og þetta yrði þykk og mikil bók ef maður ætlaði að prenta út allar leiðir og tíma-áætlanir sjálfur. Þetta getur ekki gengið og

þarf alls ekki að vera svona.
Leiðabókin, eins og hún var, lítil og þægileg, er alveg bráðnauðsynleg.
Bið ég borgaryfirvöld að daka þarna í taumana, því endanlega svör hjá Strætó eru að þeir séu hættir að gefa út leiðabækur.

Guðrún Ólafsdóttir
041149-4939
sími 8480418

- Ágætt væri að fá að fylgjast með þessu máli áfram.
- Meðfylgjandi leiðabók frá 2015 (ekki hægt að styðjast við hana mikið lengur)

2.

Reykjavíkurborg / borgarstjórn.

Reykjavíkurborg –

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

Með vísan til nýs deiliskipulags og fyrirhugaðra breytinga á lóðarleigusamningi fyrir Árskóga 2-10, 109 Reykjavík þá er öllum breytingum sem fyrirhugaðar eru varðandi stækkun og breytingu á félagsmiðstöðinni með breytingu á aðgengi og röskun á útivistarsvæði íbúa húsanna Árskóga 6 – 8 mótmælt.

Engar framkvæmdir er valda röskun á gerðum leigulóðarsamningi fyrir eignirnar verða samþykktar.

Sjá áður send erindi og afrit af meðfylgjandi bréfi er varða umræddar eignir og lóðarleigusamning frá undirrituðum.

Reykjavík 14. júlí 2017

Kristján S. Guðmundsson

kt. 220934-2769

Árskógum 6

109 Reykjavík.

Reykjavíkurborg / borgarstjórn.

Reykjavíkurborg –

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

Með vísan til svarbréfs frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dagsett 21. ágúst en barst móttakanda 9. september 2015.

Þar sem þau svör er bárust í umræddu bréfi, auk svara í svarbréfi frá 5. júlí 2015, vekur það undrun að sumum spurningum er ekki svarað nema með útúrsnúningum.

Því er hér með lýst yfir að af hálfu undirritaðs, með vísan til svars í bréfi dags. 21. ágúst 2015, að undirritaður samþykkir ekki fyrirhugaðar framkvæmdir hvað varðar aukningu byggingarmagns á lóðinni Árskógum 2 til 10 með vísan til þinglýsingar lóðarleigusamnings

frá 1992 og 1998. Lóðarleigusamningur sem er sameiginlegur og óskiptanlegur án samþykkis allra lóðarleiguhafa (ekki lóðareigenda eins og stendur í svarbréfi frá Reykjavíkurborg dags. 21. ágúst).

Lóðarleigusamningur gerður af hálfu Reykjavíkurborgar við leiguréttindahafa veitir ekki stjórnendum borgarinnar rétt til ráðstöfunar hvað varðar framkvæmdir á lóðinni umfram það sem fram kemur í þinglýstum samningi. Tilvitnun svaranda erindis undirritaðs f.h. borgarinnar um rétt aðila (stjórnenda borgarinnar) til breytingar á deiliskipulagi og þar með rétt stjórnenda borgarinnar til að skerða nýtingargildi leiguréttindahafa til afnota af lóðinni er brot á þinglýstum samningi.

Þinglýstur samningur varðandi Árskóga 10 frá 2005 með afmörkun á tiltekinn stærð lóðar er brot á áður gerðum samningi frá 1992 varðandi lóðina Árskóga 2 til 10.

Ef samningar sem gerðir eru við Reykjavíkurborg (stjórnendur á hverjum tíma) eru einskis virði vegna yfirgangs sem kallað er breyting á deiliskipulagi með kröfu borgarinnar um aukna nýtingu lóðar hvað varðar stækkun bygginga án grundvallarkurteisi að leita eftir samkomulagi við lóðarleiguhafa áður en fyrirhugaðar hugmyndir eru gerðar opinberar er lítilsvirðing við þá sem samningur hefur verið gerður við eða rétthafa gerðs samnings (lóðarleigusamnings).

Í fyrirspurn undirritaðs til stjórnenda borgarinnar var málinu vísað til ákveðinnar deildar innan borgarkerfisins en vegna óskiljanlegra vinnubragða kemur fram í svari að ákveðin atriði heyri undir aðra deild borgarkerfisins og er því ekki svarað af viðkomandi. Það er ekki á valdi hins almenna borgara að fylgjast með starfsskiptum borgarstarfsmanna en erindi sem sent er og þarfnast svara á skilyrðislaust að svar að fullu en ekki vísa til þessa eða hins hluta borgarkerfisins um svör við spurningum.

Því er hér með spurt hvort af hálfu borgaryfirvalda sé stefnt að því að fyrirspurnum borgaranna um starfsemi og fyrirhugaðar framkvæmdir af hálfu borgarinnar sé svarað með lítt skiljanlegum tilvitnunum sem ekkert varða málefnið í þeim tilgangi að rýra möguleika fólks á að fylgjast með rétti sínum í samskiptum við borgaryfirvöld?

Það hefur verið talin kurteisi að svara fólki af hreinskilni og sannleika en ekki stofnanaþras-málísku og skiptir þá ekki máli þótt spurningar séu óþægilegar fyrir aðila vegna mistak sem orðið hafa.

Unnið er að frekari yfirferð á svörum er borist hafa um síðir, eða hálfum mánuði eftir dagsetningu bréfs, og gera má ráð fyrir frekari fyrirspurnum síðar.

Reykjavík 11. september 2015.

Kristján S. Guðmundsson

Árskógum 6 12-2

109 Reykjavík

Málsnr.: R11060102
Skjalasafn Ráðhúss
14. júlí 2017
Bréfalykill: 6610

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Garðabæ, 11.07.2017
Mál nr. 1706280

Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Kópavogsgöng

Á fundi skipulagsnefndar Garðabæjar þann 4. júlí sl var tekið fyrir ofangreint mál og eftirfarandi bókun gerð.

„Lögð fram verkefnislýsing að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur sem gerir ráð fyrir því að gera ekki lengur ráð fyrir Kópavogsgöngum við bæjarmörk að Kópavogi í Fossvogsdal og við Suður-Mjódd . Skipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við verkefnislýsinguna.“

Afgreiðslu málsins er vísað til bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst,

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri

SKIPULAGSSTJÓRI GARÐABÆJAR

Bæjarskrifstofur Garðabæjar • Garðatorgi 7 • 210 Garðabæ • sími: 525 8500 • fax: 565 2332 • netfang: gardabaer@gardabaer.is

Móttekið: 21106010 2
Skjalasafn Ráðhúss
14. júlí 2017
Bréfalykill: 6610

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Garðabæ, 11.07.2017
Mál nr. 1706298

Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur, Stekkjarbakki

Á fundi skipulagsnefndar Garðabæjar þann 4. júlí sl var tekið fyrir ofangreint mál og eftirfarandi bókun gerð.

„Lögð fram verkefnislýsing að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur sem gerir ráð fyrir því að gera ekki lengur ráð fyrir breytingu á legu Stekkjarbakka til norðurs. Skipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við verkefnislýsinguna.“

Afgreiðslu málsins er vísað til bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst,

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri

Málsnr.: K14120075
Skjalasafn Ráðhúss
13. júlí 2017
Bréfalykill: 430

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavíkurborg
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 11. júlí 2017
Tilv.: MMR15011384/6.14.1-

Efni: Eftirfylgni með úttekt á Leikskólanum Reynisholt

Vísað er til fyrri bréfasamskipta vegna úttektar á Leikskólanum Reynisholt.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti óskaði í bréfi, dags. 6. september 2016, eftir staðfestingu skólastjóra og sveitarfélags á því að vinnu samkvæmt umbótaáætlun sveitarfélagsins og skólans væri lokið ásamt upplýsingum um hvernig staðið hefur verið að endurbótum á lóð leikskólans í samræmi við umbótaáætlun. Einnig var óskað eftir mati sveitarstjórnar á því hvernig sveitarfélagi og skóla hefur tekist að vinna að umbótum á skólastarfinu í kjölfar úttektarinnar.

Skólastjóri Leikskólans Reynisholt óskaði með bréfi, dags. 27. september 2016, eftir fresti til að skila staðfestingu þar sem fram kom að framkvæmdum á lóð skólans samkvæmt umbótaáætlun var ekki lokið.

Staðfesting skólastjóra Leikskólans Reynisholt á að umbótum samkvæmt umbótaáætlun er lokið hefur nú borist ráðuneytinu dags. 22. júní 2017. Ráðuneytið þakkar fyrir upplýsingarnar.

Ráðuneytið væntir þess að staðfesting Reykjavíkurborgar á að umbótum sé lokið ásamt mati borgarstjórnar á því hvernig borginni og Leikskólanum Reynisholt hefur tekist að vinna að umbótum á skólastarfinu í kjölfar úttektarinnar berist því fyrir 1. september 2017.

Fyrir hönd ráðherra

Sigríður Lára Ásbergsdóttir

Björk Óttarsdóttir

Ljósrit: Skólastjóri og foreldraráð Leikskólans Reynisholts og skólanefnd Reykjavíkurborgar

Málsnr.: R15030176
Skjalasafn Ráðhúss
13. júlí 2017
Bréfalykill: 430

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavíkurborg
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 11. júlí 2017
Tilv.: MMR15011889/6.14.1-

Efni: Eftirfylgni með úttekt á Leikskólanum Garðaborg

Vísað er til fyrri bréfasamskipta vegna úttektar á Leikskólanum Garðaborg.

Ráðuneytið óskaði í bréfi dags. 14. júní 2017 eftir upplýsingum um framkvæmd þeirra umbóta sem áætlaðar voru í umbótaáætlun sveitarfélagsins og skólans á skólaárinu 2016-2017.

Ráðuneytið hefur nú móttekið upplýsingar um framkvæmd umbótaáætlunar sveitarfélagsins og Leikskólans Garðaborg dags. 14. júní þar sem gerð er grein fyrir umbótum sveitarfélagsins og skólans fram til júní 2017. Ráðuneytið þakkar fyrir upplýsingarnar.

Í júní 2018 mun ráðuneytið óska eftir greinargerð um framkvæmd umbótaáætlunar fram að þeim tíma.

Fyrir hönd ráðherra

Sigr. Lára Ásbergsd.
Sigríður Lára Ásbergsdóttir

Björk Óttarsdóttir
Björk Óttarsdóttir

Ljósrit: Skólastjóri og foreldraráð Leikskólans Garðaborgar og skólanefnd Reykjavíkur

Málsnr.: 2170501 19
Skjalasafn Ráðhúss
15. maí 2017
Bréfalykill: 05140

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Garðabæ, 10. maí 2017
Málsnr. 1302243

Auglýsing tillögu að aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Beiðni um umsögn.

Þann 4. maí sl. samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar með öllum greiddum atkvæðum að vísa tillögu að Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 til auglýsingar í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Aðalskipulagstillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð. Umhverfisskýrsla er sett fram í greinargerð.

Uppdrátturinn er á einu A0 blaði (84x119 cm) með þremur uppdráttum;

- „Þéttbýlisuppdráttur" í mælikvarða 1:10.000 sem sýnir allt þéttbýli sveitarfélagsins,
- „Uppland" í mælikvarða 1:20.000 sem sýnir svæði ofan Svínholts og Vífilsstaðahlíðar upp fyrir Húsfell,
- „Sveitarfélagsuppdráttur" í mælikvarða 1:100.000 sem sýnir allt sveitarfélagið.

Greinargerð er sett fram í A4 hefti og er alls 76 tölusettar blaðsíður.

Umhverfisskýrsla er sett fram í A4 hefti sem er alls 32 tölusettar blaðsíður.

Tillagan er nú í auglýsingu og athugasemdafrestur er til 19. júní. Almennur kynningarfundur verður haldinn í Flataskóla þann 30. maí klukkan 17:00.
Hér með er óskað eftir umsögn Reykjavíkurborgar um tillöguna og að hún berist í síðasta lagi 19. júní nk.
Tillagan er aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar wwww.gardabaer.is

Ef óskað er eftir því að fá tillöguna útprentaða er hægt að senda beiðni um það á netfangið annamg@gardabaer.is og verður tillagan send viðkomandi.

Virðingarfyllst,

SKIPULAGSSTJÓRI GARÐABÆJAR

Arinbjörn Vilhjálmsson,
skipulagsstjóri.

Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi

Reykjavík 03.07.2017

Reykjavíkurborg
Linda Sif Sigurðardóttir
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Málsnr: R150103
Skjalasafn Ráðhúss
05. júlí 2017
Bréfalykill: 6610

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 30. júní 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. júní 2017 var lagt fram bréf Garðabæjar, dags. 10. maí 2017, þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu að aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Einnig er lögð fram greinargerð Garðabæjar, dags. 27. apríl 2017 og umhverfisskýrsla Garðabæjar, dags. í maí 2017. Óskað er eftir að umsögn berist í síðasta lagi 19. júní 2017. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra svæðis- og aðalskipulags dags. 30. júní 2017.

Umsögn deildarstjóra svæðis- og aðalskipulags dags. 30. júní 2017 samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa
Ann Andreasen
Ann María Andreasen

Fylgiskjöl: Umsagnir deildarstjóra svæðis- og aðalskipulags dags. 30. júní 2017 og 17. nóvember 2016.

Sent til Garðabær

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík

Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Borgarráð Reykjavíkur

Reykjavík, 30. júní 2017

Mál: Aðalskipulag Garðabær 2016-2030. Auglýsing aðalskipulags skv. 31. gr. skipulagslaga. skipulagslaga

Vísað er til erindis frá skrifstofu borgarstjórnar frá 29. maí sl. varðandi ofangreint erindi frá Garðabæ.

Um auglýsta tillögu að aðalskipulagi er að en áður hafði verið verið óskað eftir umsögn um drög að tillögu sbr. 2. mgr. 30. gr.

Ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við auglýsta tillögu en minnt á fyrri umsögn frá 17. nóvember 2016, sem hér er meðfylgjandi.

Haraldur Sigurðsson

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
BORGARTÚN 12-14 105 REYKJAVÍK
SÍMI 411 1111 BRÉFASÍMI 411 3071
NETFANG: SKIPULAG@REYKJAVIK.IS

Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Garðabær
b/t Arinbjörn Vilhjálmsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 17. nóvember 2016

Mál: Aðalskipulag Garðabær 2016-2030. Drög að tillögu til kynningar, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga

Vísað er til erindis Garðabæjar dagsett 26. október sl., varðandi ósk um umsögn við fyrirliggjandi drög að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Þétting byggðar á miðlægum svæðum og uppbygging hágæða almenningssamgangna er meðal megin atriði í aðalskipulagsdrögunum (bls. 9) og ber að fagna því. Það er í samræmi við megin markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040. Það vekur þó athygli að meðalþéttleiki nýrra byggingarsvæða er lítilega undir markmiði gildandi aðalskipulags (bls. 19). Í kafla um íbúðarbyggð (bls. 21-24) eru ekki sett fram sérstök húsnæðisstefna eða almenn markmið um þróun íbúðarhúsnæðis, en megin áherslan er á skilmála fyrir einstök svæði. Í svæðisskipulaginu er sett fram eftirfarandi í markmiði 5.2 (ásamt tilheyrandi aðgerðum 5.2.1-5.211): "Á höfuðborgarsvæðinu verði fjölbreyttur húsnæðismarkaður sem uppfylli þarfir íbúa. Hugað verður sérstaklega að framboði á húsnæði á viðráðanlegu verði". Ekki er að sjá í fyrirliggjandi drögum, sérstök markmið eða ákvæði sem varða innleiðingu þessa megin markmiðs svæðisskipulagsins, sbr. aðgerðir 5.2.5. og 5.2.7 á bls. 78 í svæðisskipulaginu.

Að öðru leyti er ekki gerð athugasemd við tillögudrögin. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt að gera athugasemdir við tillöguna á síðari stigum.

Haraldur Sigurðsson

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
BORGARTÚN 12-14 105 REYKJAVÍK
SÍMI 411 1111 BRÉFASÍMI 411 3071
NETFANG: SKIPULAG@REYKJAVIK.IS

Reykjavíkurborg
skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 17. júlí 2017
R17070079

Borgarráð

Viðauki við leigusamning um Grandagarð 2

Óskað er samþykkis borgarráðs fyrir breytingum á leigusamningi að Grandagarði 2 milli Leikmyndagerðar Backmans ehf., kt. 600602-3490, (áður Sögusafnið Perlunni ehf) og Reykjavíkurborgar.

Greinargerð
Breytingarnar eru liður í undirbúningi Þess að selja húsið en fyrirhugað er að gera það í kjölfar skipulagsbreytinga sem verið er að gera á lóðinni. Tilgangurinn breytinganna er að skýra eldri samning og tryggja þannig betur réttarstöðu beggja. Tekin eru út ákvæði sem talin eru vera samkeppnishamlandi fyrir húsið til framtíðar, en á móti er réttarstaða Sögusafnsins tryggð betur til að vera áfram leigjandi í húsinu eftir að það hefur verið selt. Jafnframt eru sett inn skýrari ákvæði um endurskoðun leiguverðs eins og samningurinn gerir ráð fyrir eftir 2023.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:
Drög að viðauka við leigusamning um Grandagarð 2 við Sögusafnins kt. 410202-2630.
Leigusamningur vegna Grandagarðs 2 dags 22 júní 2012.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar – eignsjóðs kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík í samningi þessum nefndur leigusali (áður Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar), og Leikmyndagerð Backman ehf., kt. 600602-3490, Lindarflöt 36, 210 Garðabæ (áður Sögusafnið Perlunni ehf) í samningi þessum nefnt leigutaki, gera með sér svohljóðandi:

Viðauki I vegna leigu á Grandagarði 2

1.gr.
Gildisvið

Ákvæði leigusamnings aðila frá 22. Júní 2012 milli aðila gildir í öllum atriðum að öðru leyti en því sem kemur fram í þessum viðbótarsamningi.

2.gr.
Leigutaki

Leigutaki breytist og verður Sögusafnið ehf. kt. 410202-2630 í stað Leikmyndagerðar Backman ehf., kt. 600602-3490 (áður Sögusafnið Perlunni ehf með sömu kennitölu) í eigu sömu aðila.

3.gr.
Leigutími

Grein 2. í leigusamningi breytist og verður eftirfarandi.

Gildistími samnings þessa er til 31. desember 2037 eða 25 ár og lýkur samningnum þann dag án sérstakrar uppsagnar. Þrátt fyrir gildistíma samningsins samkvæmt því sem hér að framan greinir getur leigutaki sagt upp samningnum fyrir sitt leyti með 24 mánaða fyrirvara. Leigusali getur einnig endurskoðað leigukjör samningsins sbr. 3. gr. með 24 mánaða fyrirvara en þó ekki fyrr en eftir 1. janúar 2023. Kjósi hann að nýta sér slíkan rétt skulu tveir óháðir matsmenn sem aðilar koma sér saman um meta sameiginlega eðlilegt leiguverð miðað við markaðsleigu og taka þá leigukjör breytingum í samræmi við það mat.

4.gr.
Viðhald og breytingar

Við grein 6. í leigusamningi aðila bætist við eftirfarandi.

Leigusali vinnur að endurskoðun á deiliskipulagi lóðarinnar og mun bætast við verulegur byggingarréttur sem mun mögulega hafa í för með sér breytingar á aðkomu, útsýni og útliti hússins og eins verða efri hæðir innréttaðar og teknar í notkun. Reikna má með verulegum framkvæmdum á meðan á uppbyggingu stendur. Leigutaki sættir sig við þessar breytingar en leigusali mun kappkosta við að starfsemi leigutaka verði fyrir sem minnstu röskun á meðan á framkvæmdum stendur.

5.gr.
Framleiga

Hluti 8. gr. leigusamnings er felld úr gildi, þ.e. orðin:

„Leigusali mun gæta þess að leigja ekki öðrum sem eru í samkeppni við leigutaka aðra hluta hússins.“

Að öðru leyti heldur 8. gr. gildi sínu að öðru leyti.

Reykjavík xx. júlí 2017.

F.h. leigusala F.h. leigutaka

_____ _____

Með fyrirvara um samþykkt borgarráðs.

Vottar að réttri undirritun, dagsetningu og fjárræði:

20120601105

Leigusamningur um Grandagarð 2.

Landnúmer: 100058 Fastanúmer: 200-0181

Samningsaðilar:

Leigusalar: Framkvæmda- og eignasvið Reykjarvíkurbogar kt. 570480-01499 f.h. Eignasjóðs Reykjavíkurborgar kt. 621102-2220, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Leigutaki: Sögusafnið Perlunni ehf. kt. 600602-3490, Lindaflöt 36, 210 Garðabæ

1. gr.

Hið leigða

Hið leigða er sýningaaðstaða fyrir Sögusafnið Perlunni ehf að Grandagarði 2. Um er að ræða 725,6 m² sem er 1.hæðin öll að undaskildum stigagagangi í suðurhlið og geymslu inn af stigagagangi, þetta tvennt verða samnotaeiningar. Sjá meðfylgjandi teikningu.

2.gr.

Leigutími

Gildistími samnings þessa er til 31. desember 2037 eða 25 ár og lýkur samningnum þann dag án sérstakrar uppsagnar. Þrátt fyrir gildistíma samningsins samkvæmt því sem hér að framan greinir getur leigutaki sagt upp samningnum fyrir sitt leyti með 24 mánaða fyrirvara. Leigusali getur einnig sagt upp samningnum fyrir sitt leyti með 24 mánaða fyrirvara en þó ekki fyrr en eftir 1. janúar 2023. Uppsagnarfrestur samkvæmt ákvæði þessu miðast við mánaðamót.

3.gr.

Leigukjör

Húsaleiga á mánuði er kr. 580.480.- (800 kr/m2). Þessi upphæð verður endurskoðuð ef breyting verður á fermetrafjölda sem leigutaki nýtir.

Fermetratölur miðast við mælingar af samþykktum byggingarnefndarteikningum en meðfylgjandi teikningar sýna hvaða rými er um að ræða.

Húsaleiga miðast við grunnvísitölu neysluverðs til verðtryggingar eins og hún er fyrir maí 2012, (395.1 stig). Húsaleiga breytist með vísitölu til hækkunar eða lækkunar fyrsta hvers mánaðar.

Húsaleiga er á gjaldaga og eindaga 15. hvers mánaðar. Dráttavextir reiknast eftir eindaga.

Þrátt fyrir ákvæði hér að framan og í ljósi þess að leigutaki þarf fyrirsjáanlega nokkurn tíma til að koma hinu leigða húsnæði í viðunandi horf fyrir starfsemi sína eru aðilar sammála um að leiga sé ekki greidd fyrir en frá 1. júní 2014 nema leigutaki geti opnað Sögusafnið almenningi fyrr en það og þá 6 mánuðum eftir opnun þess.

4.gr.

Ástand hins leigða húsnæðis við afhendingu þess til leigutaka

Leigutaki hefur kynnt sér ástand hins leigða, sem hann sættir sig við. Allar breytingar á húsnæðinu, útliti eða búnaði þess af leigutaka skulu vera með leyfi leigusala og skulu verða eign leigusala að samningstíma liðnum. Húsnæðinu, ásamt tilheyrandi fylgifé, skal skila hreinu í lok leigutíma og ekki í lakara ástandi en við upphaf leigutíma fyrir utan eðlilegt slit.

5.gr.

Greiðsla rekstrarkostnaðar

Leigutaki greiðir fyrir notkun vatns, rafmagns og hitunarkostnað ásamt einnig leigu til veitustofnana fyrir mæla og annan slíkan búnað.

Leigusali greiðir öll opinber gjöld, þ.m.t. fasteignagjöld og lögboðnar tryggingar af hinu leigða.

6.gr.

Viðhald

Leigutaka er skylt að fara vel með hið leigða húsnæði og í samræmi við umsamin afnot þess. Leigutaki annast á sinn kostnað allt nauðsynlegt og eðlilegt viðhald hins leigða innahúss meðan leigutíminn varir. Leigusali sér um og lætur framkvæma allt viðhald utandyra. Sérstakt samþykkti leigusala þarf fyrir framkvæmdum er varða hið leigða húsnæði. Leigusali mun hafa samráð við leigutaka varðandi framkvæmdir utanhús.

Leigutaki ber sjálfur straum af kostnaði við endurbætur á hinu leigða rými svo það henti starfsemi leigutaka. Leigutaka er jafnframt ljóst að lóðin er ekki deiliskipulögð og mun Reykjavíkurborg ganga frá deiliskipulagi hennar. Endanlegu deiliskipulagi gæti fylgt aukinn byggingarréttur. Leigusala er ljóst að starfsemi leigutaka byggir m.a. á greiðu og snyrtilegu aðgengi viðskiptavina (safngesta) að hinu leigða húsnæði og Sögusafninu sem leigutaki hyggst reka þar. Sama á við um hvers kyns hagnýtingu byggingaréttar sem húsinu fylgir og skal leigusali, eða hver sá sem leiðir rétt sinn frá leigusala, gæta þess að hagnýting byggingaréttar hafi sem minnsta röskun í för með sér fyrir starfsemi leigutaka. Leigutaka er ljóst að leigusali mun hugsanlega láta rífa viðbygginguna á fyrstu hæð sem ekki er hluti af leigusamningi þessum og sættir sig að öllu leyti við þá ákvörðun.

7.gr.

Tryggingar og ábyrgð

Leigutaki annast allar tryggingar á eignum sínum í leiguhúsnæðinu.

Leigusali ber ekki ábyrgð á tjóni er kann að verða á eignum leigutaka í hinu leigða húsnæði vegna óhappa svo sem vatnstjóns, elds, reyks og þess háttar nema því aðeins að leigusali, eða þeim sem hann ber ábyrgð á, verði um kennt. Leigutaka ber að fara varlega með eld í húsinu og önnur hættuleg efni og gæta þess að ekki stafi hætta af rafleiðslum, vélum eða öðrum hlutum er hann hefur og notar í húsinu. Leigutaki skal annast á sinn kostnað allar nauðsynlegar eldvarnir eða aðrar slíkar ráðstafanir í hinu leigða húsnæði sem Eldvarnareftirlitið eða aðrar opinberar stofnanir kunna að gera kröfu til vegna starfsemi leigutaka eða vegna þeirra breytinga sem leigutaki hefur gert á hinu leigða.

Leigutaki skal bæta leigusala það tjón, sem hið leigða húsnæði kann að verða fyrir á leigutímanum sem sannarlega er af hans völdum, starfsmanna eða starfssemi hans. Starfsmenn leigusala hafa heimild til að ganga um hið leigða með hæfilegum fyrirvara til eftirlits eða til þess að framkvæma úrbætur.

8.gr.

Framleiga

Leigutaka er óheimilt að framleigja hið leigða að hluta eða í heild án samþykkis leigusala. Leigutaka er þó heimilt að framleigja hið leigða í heild eða hluta, án samþykkis leigusala, til dótturfélaga í eigu leigutaka eða aðila sem eru með öðrum hætti tengdir starfsemi leigutaka og stunda rekstur sem tengist og samræmist rekstri Sögusafnsins. Leigusali mun gæta þess að leigja ekki öðrum sem eru í samkeppni við leigutaka aðra hluta hússins.

9. gr.

Sérákvæði

Að öðru leyti en hér er kveðið á um hafa leigutaki og leigusali þær skyldur og réttindi sem húsaleigulög nr. 36/1994 kveða á um með síðari breytingum eftir því sem við getur átt.

Leigutaki ábyrgist að fyrirhuguð starfsemi í hinu leigða húsnæði sé í samræmi við gildandi lög og reglur.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum aðila fyrir sig.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita fyrirsvarsmenn aðila nöfn sín hér undir í viðurvist þar til kvaddra vitundarvotta.

Reykjavík 22. júní.2012

F.h Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar.

REYKJAVÍKURBORG Framkvæmda- og eignasvið

F.h. Sögusafnsins Perlunni ehf. sem leigutaka

Samþykkt í borgarráði 7. júní 2012.

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift aðila.

Kt 050565-4619

100457-3979





Afbrotatölfræði

júní 2017

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Samantekt

Aðferð

Í skýrslu þessari eru teknar saman mánaðarlega lykiltölur embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um bráðabirgðatölur að ræða. Fjöldinn getur breyst með brotum sem kærð eru seint og því verið frábrugðinn endanlegum tölum.

Hér að neðan er fjöldi afbrota í júní borinn saman við meðalfjölda brota síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan út frá staðalfrávikum. Með því að reikna staðalfrávik er hægt að áætla neðri og efri mörk brota síðastliðna sex og 12 mánuði á undan sem nýtast til þess að leggja mat á hve marktækar breytingarnar í júní eru miðað þessi mörk.

	Maí 2017	Júní 2017	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	755	636	Fækkar	Fækkar
Þjófnaður	318	304	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	65	59	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	118	83	Fækkar	Fækkar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	6	4	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	23	20	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	3	4	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	140	108	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	16	13	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Fíkniefni	164	168	Fjölgar	**Mikil fjölgun**
Umferðarlagabrot	1.184	1.002	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	133	131	Innan marka	Fjölgar
Ölvun við akstur	85	91	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	20	16	Innan marka	Innan marka

Hegningarlagabrot

- Skráðar voru 636 tilkynningar um hegningarlagabrot í júnímánuði. Tilkynningum fækkaði á milli mánaða.
- Skráðum hegningarlagabrotum fækkaði í júní miðað við útreiknuð neðir mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hefur tilkynntum hegningarlagabrotum fjölgað um eitt prósent samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Hegningarlagabrot	Júní 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	636	702	645	759	-78	-11%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	636	714	661	759	-66	-9%	Fækkar

Þjófnaðir

- Skráð voru 304 tilkynningar um þjófnað í júní.
- Fjöldi tilkynntra þjófnaða í júní voru innan útreiknaðra marka fyrir fjölda síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum um þjófnaði á farsímum og annars konar þjófnaði. Tilkynningum um innbrot, hnupl og reiðhjóla þjófnaði fækkaði.
- Það sem af er ári hefur tilkynningum um þjófnaði fækkað um fimm prósent samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.



	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún
Þjófnaður - innbrot	55	64	48	66	60	95	69	92	49	70	86	65	59
Þjófnaður - hnupl	48	55	60	83	97	85	79	96	85	92	76	86	57
Þjófnaður - gsm	52	43	43	35	40	48	47	38	35	45	27	41	48
Þjófnaður - reiðhjól	56	66	57	67	48	17	13	7	12	15	29	46	42
Þjófnaður - annað	93	101	89	107	92	88	78	100	85	101	88	80	98
Þjófnaður alls	304	329	297	358	337	333	286	333	266	323	306	318	304



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Þjófnaður	Júní 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Breyting frá meðalt. %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	304	305	282	328	-1	0%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	304	316	292	340	-12	-4%	Innan marka

Innbrot

- Í júní bárust 59 tilkynningar um innbrot til lögreglu. Tilkynntum brotum fækkaði á milli mánaða.
- Fjöldi tilkynntra innbrota voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hefur tilkynningum um innbrot fækkað um fimm prósent samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Innbrot	Júní 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	59	72	58	86	-13	-18%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	59	68	53	83	-9	-14%	Innan marka

Ofbeldisbrot

- Í júní bárust 83 tilkynningar um ofbeldisbrot. Tilkynningum fækkaði á milli mánaða.
- Skráðum ofbeldisbrotum fækkaði miðað við útreiknuð neðri mörk síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa 15 prósent fleiri tilkynningar um ofbeldisbrot borist lögreglu samanborið við meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þriggja ára á undan.



	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún
Líkamsárás, minniháttar	80	80	83	72	92	87	85	93	65	92	83	98	65
Líkamsárás, meiriháttar/stórfelld	14	10	13	20	19	8	12	16	11	14	11	14	13
Önnur ofbeldisbrot	5	4	7	2	6	7	6	3	5	5	1	6	5
Ofbeldisbrot alls	99	94	103	94	117	102	103	112	81	111	95	118	83



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Ofbeldisbrot	Júní 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Breyting frá meðalt. %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	83	103	91	116	-20	-20%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	83	102	92	113	-19	-19%	Fækkar

Ofbeldi gagnvart lögreglumanni

Ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Í júní voru skráð fjögur tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 14 prósent fleiri tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.

Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Í júní voru skráð fjögur tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 31 prósent fleiri tilvik en að meðaltali síðustu þrjú ára áður.



Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Kynferðisbrot—dags. brots

- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 20 tilkynningar um kynferðisbrot sem áttu sér stað í júní.
- Fjöldi tilkynninga um kynferðisbrot í júní voru innan útreiknaðra marka miðað við fjölda síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Tilkynningar um kynferðisbrot voru um fjögur prósent færri samanborið við meðalfjölda fyrir sama tímabil árin 2014 til 2016.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem áttu sér stað í hverjum mánuði fyrir sig á tímabilinu.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Kynferðisbrot	Júní 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	20	16	12	21	4	22%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	20	19	12	26	1	6%	Innan marka

Kynferðisbrot—dags. tilkynnt

- Tilkynnt var um 30 kynferðisbrot í júní. Tilkynningum fækkaði á milli mánaða.
- Fjöldi tilkynntra kynferðisbrota í júní voru innan marka fyrir síðustu sex mánuði á undan, en fjölgaði miðað við reiknuð efri mörk fyrir síðustu 12 mánuði á undan.
- Tilkynntum kynferðisbrotum hefur fjölgað um átta prósent miðað við meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þriggja ára á undan.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem voru tilkynnt í hverjum mánuði fyrir sig, burt séð frá því hvenær brotið átti sér stað.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Kynferðisbrot	Júní 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	30	24	15	34	6	23%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	30	24	15	33	6	25%	Innan marka

Heimilisofbeldi

- Alls bárust 44 tilkynningar um heimilisofbeldi í júní.
- Tilkynningum um heimilisofbeldi fækkaði miðað útreiknuð neðri mörk síðustu sex og síðustu 12 mánaði á undan.
- Tilkynningum um heimilisofbeldisbrot hefur fjölgað um 32 prósent það sem af er ári miðað við meðaltal síðustu þiggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Heimilisofbeldi	Júní 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Breyting frá meðalt. %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	44	58	45	71	-14	-24%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	44	57	48	66	-13	-23%	Fækkar

Um er að ræða bráðabirgðartölur sem geta tekið breytingum vegna yfirferðar á skráningum í tengslum við nýtt verklag

Leit að týndum ungmennum

- Alls bárust 25 beiðnir um leit að týndum börnum og ungmennum í júní.
- Fjöldi beiðna í júní eru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex mánuði og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist 66 prósent fleiri leitarbeiðnir en bárust að meðaltali síðustu tvö ár á undan.





Fjöldi verkefna það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Leitarbeiðnir	Júní 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	25	25	18	31	1	2%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	25	21	15	28	4	17%	Innan marka

Eignaspjöll

- Í júní voru skráðar 112 tilkynningar um eignaspjöll.
- Fjöldi tilkynninga í júní eru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist tíu prósent fleiri tilkynningar um eignaspjöll samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum um veggjakrot og meiriháttar eignaspjöll.



	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún
Rúðubrot	35	38	25	33	34	41	38	37	42	43	55	56	38
Veggjakrot	7	5	5	10	4	2	6	1	5	2	0	6	8
Önnur minniháttar eignaspjöll	70	61	60	59	84	49	53	77	55	53	72	78	62
Meiriháttar eignaspjöll	2	2	1	3	1	4	1	9	3	1	0	3	4
Eignaspjöll alls	114	106	91	105	123	96	98	124	105	99	127	143	112



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Eignaspjöll	Júní 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Breyting frá meðalt. %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	112	108	92	125	4	4%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	112	107	93	122	5	4%	Innan marka

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Nytjastuldur ökutækja

- Skráðar voru 13 tilkynningar um nytjastuld á vélknúnum farartækjum í júní.
- Fjöldi tilkynninga um nytjastuldi fækkaði mikið í júní miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um 20 prósent færri tilkynningar um nytjastuldi miðað við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Nytjastuldir	Júní 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	13	24	20	29	-11	-47%	Mikil fækkun
12 mánaða meðaltal	13	25	20	30	-12	-48%	Mikil fækkun

Fíkniefnabrot

- Í júní voru skráð 173 fíkniefnabrot á höfuðborgarsvæðinu. Skráðum brotum fjölgaði á milli mánaða.
- Skráðum fíkniefnabrotum fjölgaði miðað við reiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Skráð voru fimm stórfelld fíkniefnabrot í júní.*
- Það sem af er ári hafa verið skráð um eitt prósent færri fíkniefnabrot samanborið við meðalfjölda sama tímabils síðustu þriggja ára.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Fíkniefni	Júní 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Breyting frá meðalt. %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	168	124	101	146	45	36%	Fjölgar
12 mánaða meðaltal	168	120	101	139	48	40%	Mikil fjölgun

* Hafa ber í huga að fíkniefnabrot eru oft skilgreind sem stórfelld seinna á rannsóknarstigi og því geta tölur hér tekið breytingum á milli skýrslna.

Umferðarlagabrot

- Skráð voru 1.002 umferðarlagabrot* í júní. Skráðum umferðarlagabrotum fækkaði á milli mánaða.
- Skráð umferðarlagabrot eru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex mánuði og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um sex prósent færri umferðarlagabrot samanborið við meðalfjölda fyrir sama tímabili síðustu þriggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Umferðarlagabrot	Júní 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	1.002	891	695	1.087	111	12%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	1.002	910	705	1.115	92	10%	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Akstur undir áhrifum

Akstur undir áhrifum ávana– og fíkniefna

- Skráð var 131 brot þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana– og fíkniefna í júní.
- Skráðum brotum fjölgaði í júní miðað við útreiknuð eftir mörk fyrir síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 46 prósent það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.

Ölvun við akstur

- Í júní var skráð 91 brot þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur. Skráðum brotum fjölgaði á milli mánaða.
- Skráð brot í júní voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 33 prósent samanborið meðalfjölda fyrir sama tímabili síðustu þriggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Þróun á löggæslusvæði 1

- Hér er fjöldi afbrota í júní borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 1, sem nær yfir Miðborg, Vesturbæ, Seltjarnarnes, Háaleiti, Hlíðar og Laugardal.

	Maí 2017	Júní 2017	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	351	302	Fækkar	Fækkar
Þjófnaður	163	164	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	32	26	Fækkar	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	53	42	Fækkar	Fækkar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	1	2	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	9	11	Fjölgar	Fjölgar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	3	1	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	62	40	Fækkar	Fækkar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	7	5	Mikil fækkun	Fækkar
Fíkniefni	57	101	**Mikil fjölgun**	**Mikil fjölgun**
Umferðarlagabrot	469	384	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	50	53	Fjölgar	Fjölgar
Ölvun við akstur	43	49	Fjölgar	Fjölgar
Innbrot á heimili	5	5	Innan marka	Innan marka
Slys	19	15	Innan marka	Innan marka

Þróun á löggæslusvæði 2

- Hér er fjöldi afbrota í júní borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 2, sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes.

	Maí 2017	Júní 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	99	**87**	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	33	**25**	Fækkar	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	6	**3**	Fækkar	Fækkar
Manndráp og líkamsmeiðingar	19	**14**	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	**0**	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	6	**4**	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	**0**	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	20	**17**	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	4	**3**	Innan marka	Fækkar
Fíkniefni	30	**25**	Innan marka	Fjölgar
Umferðarlagabrot	227	**163**	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	20	**17**	Fækkar	Innan marka
Ölvun við akstur	9	**14**	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	1	**0**	Fækkar	Fækkar
Slys	12	**9**	Innan marka	Innan marka

Þróun á löggæslusvæði 3

- Hér er fjöldi afbrota í júní borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 3, sem nær yfir Breiðholt og Kópavog.

	Maí 2017	Júní 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	179	**134**	Innan marka	Fækkar
Þjófnaður	81	**66**	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	13	**16**	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	23	**15**	Fækkar	Fækkar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	4	**2**	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	4	**2**	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	**1**	Fjölgar	**Mikil fjölgun**
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	29	**25**	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	2	**2**	Fækkar	Fækkar
Fíkniefni	32	**18**	Fækkar	Fækkar
Umferðarlagabrot	236	**195**	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	41	**33**	Innan marka	Fjölgar
Ölvun við akstur	20	**14**	Fækkar	Innan marka
Innbrot á heimili	5	**4**	Fækkar	Fækkar
Slys	9	**9**	Innan marka	Innan marka

Þróun á löggæslusvæði 4

- Hér er fjöldi afbrota í júní borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 4, sem nær yfir Árbæ, Grafarvog, Grafarholt, Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp.

	Maí 2017	Júní 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	106	**92**	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	37	**38**	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	14	**14**	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	21	**12**	Fækkar	Fækkar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	1	**0**	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	3	**3**	Fjölgar	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	**2**	**Mikil fjölgun**	Fjölgar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	26	**25**	Fjölgar	Fjölgar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	2	**3**	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	43	**23**	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Umferðarlagabrot	246	**256**	Fjölgar	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	22	**28**	Fjölgar	Fjölgar
Ölvun við akstur	13	**14**	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	6	**7**	**Mikil fjölgun**	Fjölgar
Slys	5	**7**	Innan marka	Innan marka

NESKIRKJA

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Málsnr: R170600018
Skjalasafn Ráðhúss
13. júlí 2017
Bréfaflokkur: 4450

Efni: Neskirkja og Melaskóli

Reykjavík 7. júlí 2017

Með vísan í samþykkt borgarráðs frá 6. júlí 2017 um húsnæðismál Melaskóla viljum við sem þjónum í Neskirkju vekja athygli á þeirri aðstöðu sem er til staðar í safnaðarheimili kirkjunnar undir kirkjuskipi.

Húsnæðið nýtist vel fyrir fyrir samkomur af ýmsum toga þ.á.m. veitingar og kennslu. Eins og fram kemur á meðfylgjandi teikningum er þar 203fm. fjölnota salur, ný salernisaðstaða og gott aðgengi. Vart sýnist vera þörf á veigamiklum breytingum, öðrum en málningarvinnu og mögulegri skiptingu á rými, ef börn úr Melaskóla kæmu þangað til kennslu og/eða í matartímum.

Við lýsum vilja okkar til að ræða við stjórnendur Melaskóla og fulltrúa borgaryfirvalda um þann möguleika að borgin taki téð húsnæði á leigu hluta úr degi, t.a.m. frá 8:30-13:30 meðan nemendur sækja tíma og snæða hádegisverð. Ef áhugi er fyrir hendi og samningaviðræður hefjast myndi sóknarnefnd Nessóknar taka um það ákvörðun af hálfu safnaðarins.

Virðingarfyllst,

Rúnar Reynisson	Skúli S. Ólafsson	Þórdís Ívarsdóttir
Rekstrarstjóri	Sóknarprestur	Form. sóknarnefndar

Samrit:
Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs
Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar
Björgvin Þór Þórhallsson, skólastjóri Melaskóla

SAFNAÐARHEIMILI VIÐ NESKIRKJU




Rræsting
8.6 m2
Tæknirými
21 m2
Inntök
OR
Reykræsing
Fatahengi
Pallur
13 m2
0001
Mhl. 02
Gangur
12 m2
Lyfta
5 m2
GEYMSLA
5,6
GEYMSLA
10,7
LYFTA
3,1
0002
GEYMSLA
4,6
SALUR steekkun
44,4
STIG
4,1
0001
Mhl. 01
FJÖLNOTASALUR
203
0003
SORP
INNGANGUR
V.S.KA.
6,5
GANGUR
7,6
GEYMSLA
6,9
SKRIFSTOFA
15,3
TÆKNIRÝMI
4,5
Inntök veitustofnana
STIGAGANGUR
15
GEYMSLA
2,2
FATAHENGI
ANDDYRI
46
ELDHÚS
19,9
FUNDARHERBERGI
37
SKRIFSTOFA
15